



ATVINNU-, FERÐA- OG MENNINGARNEFND

HRUNAMANNAHREPPS 2022 – 2026

13. fundur Atvinnu-, ferða- og menningarnefndar Hrunamannahrepps kjörtímabilið 2022 – 2026 haldinn mánudaginn 18. ágúst 2025 kl. 16:30 í Ráðhúsinu á Flúðum.

Mættir eru: Ragnhildur S. Eypórsdóttir formaður, Arna Þöll Sigmundsdótti og Herbert Hauksson. Auk þeirra sat fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, sem ritaði fundargerð í tölvu.

1. Uppskeruhátíðin 2025

Uppskeruhátíðin verður 6.september 2025 á milli kl. 13:00-16:00.

Rætt um fyrirkomulag og hverjir eru tilbúnir til að taka þátt í uppskeruhátíðinni í ár.

Nefndarmenn munu ræða við framleiðendur og handverksfólk varðandi þátttöku í hátíðinni. Einnig er unnið að því að finna aðila til að sjá um kaffisöluna en Kvenfélagið hefur ekki tök á því að taka það að sér að þessu sinni. Rætt um afþreyingu fyrir börn og verður kannað með þrjú atriði sem henta myndu yngstu kynslóðinni.

Uppskerumessan verður á sama tíma og áður eða kl. 11:00 í Hrunakirkju.

Sveitarstjóri mun gera dagskrárblað og sjá um kaup á auglýsingum fyrir viðburðinn í samráði við nefndarmenn.

2. Jólamarkaður 2025

Skipulag fyrir markaðinn er hafið og rætt hefur verið við aðila varðandi þátttöku. Næsti fundur verður helgaður jólamarkaðnum.

3. Áfangastaðáætlun Suðurlands 2025

Kynnt drög að áfangastaðáætlun Suðurlands sem unnin hefur verið af Markaðsstofu Suðurlands. Þar hafa sveitarfélögin birt þá áfangastaði og leiðir sem þau leggja áherslu á að byggja upp og þróa. Tilgangur þessa er tvíþættur: Í fyrsta lagi er þetta góð leið fyrir sveitarfélögin til að kortleggja helstu áfangastaði og taka ákvörðun um hvaða staðir og leiðir skuli markvisst byggja upp og viðhalda og í öðru lagi skiptir þetta sköpum ef sveitarfélagið vill sækja um styrk í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða.

Afstaða nefndarinnar er að hún telur ekki þörf á því að bæta við áfangastöðum á listann í bili en felur sveitarstjóra að gera betur grein fyrir mögulegri uppbyggingu í kringum Litlu Laxá.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:52


Ragnhildur Stefania Eypórsdóttir
Arna Þöll Sigmundsdóttir